

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 2004

2. mars 2004

605

Nr. 201

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 16. desember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin nær til 6 parhúsaloða nr. 1-11, oddatölur, við Eyrarflöt og felst í að lóðunum er breytt í einbýlishúsaloðir. Gert er ráð fyrir eins til tveggja hæða einbýlishúsum. Bílgeymslur geta ýmist verið innbyggðar eða stakstæðar.

Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 49 og Smiðjuvalla 4 á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. febrúar 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla, Akranesi vegna lóðanna nr. 49 við Esjubraut og nr. 4 við Smiðjuvelli.

Breytingin felst í stækkun lóðar nr. 4 við Smiðjuvelli sem tekur yfir hluta lóðar nr. 49 við Esjubraut. Jafnframt eru lóðamörk Smiðjuvalla 4, eftir breytingu, færð til að skapa rými fyrir fyrirhugað hringtorg á horni Esjubrautar og Þjóðbrautar. Gert er ráð fyrir að hús á Esjubraut 49 verði rífið.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 2. mars 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.